

## Ögunaraðferðir íslenskra foreldra

Í þessari rannsókn voru ögunaraðferðir foreldra kannaðar. Spurningalisti var sendur til foreldra 6–17 ára barna og þeir spurðir um ögunaraðferðir. Ögunaraðferðirnar sem spurt var um falla undir a) uppbyggilegar uppeldisaðferðir, b) sálræna valdbeitingu og c) þrjú stig líkamlegrar valdbeitingar: væga, alvarlega og mjög alvarlega. Foreldrar sem svöruðu listanum (N=617) voru á aldrinum 26–76 ára. Niðurstöður leiddu í ljós að allflestir sögðust beita uppbyggilegum og fremur lýðræðislegum ögunaraðferðum. Þó sögðust 65% hafa notað sálræna valdbeitingu af einhverju tagi sem ögunaraðferð og 19,4% sögðust hafa notað líkamlega valdbeitingu við ögun barna sinna síðastliðið ár. Yngri foreldrar beittu marktækt oftar slíkum aðferðum en eldri foreldrar. Breyturnar kyn og menntun höfðu ekki marktæk áhrif á ögunaraðferðir. Þar sem svarhlutfall var lágt (24%) gefa þessar niðurstöður ekki tilefni til að alhæfa um þýðið, en benda þó til þess að töluvert fleiri foreldrar beiti líkamlegum refsingum en opinberar tölur gefa til kynna.

Efnisorð: ögunaraðferðir, uppbyggilegar ögunaraðferðir, tilfinningalegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, líkamlegar refsingar, líkamlegt ofbeldi

### INNGANGUR

Markmiðið með þessari rannsókn var að skoða líkamlegar refsingar (e. physical punishment) foreldra að mati þeirra sjálfra og kanna hversu hátt hlutfall uppeldisaðferða foreldra voru: a) uppbyggilegar uppeldisaðferðir eða ögunaraðferðir án ofbeldis (e. non-violent discipline), b) sálræn valdbeiting (e. psychological aggression) og c) líkamleg valdbeiting (e. physical aggression). Þegar um sálræna og líkamlega valdbeitingu er að ræða fer það eftir því hversu alvarleg hún er og á hvaða menningarsvæði hún á sér stað hvort hún flokkast undir líkamlega refsingu eða ofbeldi (Ciccharelli og White, 2012; Straus og Field, 2003).

Samkvæmt Baumrind (1967) skiptast ögunaraðferðir foreldra í stýrandi uppeldishætti, lýðræðislega uppeldishætti og eftirláta uppeldishætti. Ögunaraðferðir eru uppbyggilegar þegar barni eru sett skýr mörk með þeim og því sýnd hlýja, ástúð og virðing, auk þess að hlustað er á sjónarmið barnsins. Slíkar aðferðir endurspeglar lýðræðislega uppeldishætti. Uppbyggilegar uppeldisaðferðir hafa jákvæð áhrif á börn og eru líklegar til að gera þau að

heilsteypum einstaklingum. Hins vegar eru uppeldisaðferðir þvingandi þegar foreldrar eru stífir, ósveigjanlegir og hneigjast til að beita líkamlegum refsingum. Þá er um stýrandi uppeldishætti að ræða. Slíkir foreldrar hlusta síður á sjónarmið barnsins og ætlast til að barnið fari eftir þeirra reglum eða hlýði umyrðalaust. Slíkir uppeldishættir eru óuppbyggilegir. Uppeldishættir sem einkennast af eftirlátsssemi eru einnig óuppbyggilegir. Slíkir uppeldishættir endurspeglast í skorti á stuðningi, afskiptaleyzi og agaleyzi af hálfu foreldra. Eftirlátir foreldrar hafa verið greindir í tvo flokka, þá sem eru hlýlegir annars vegar og þá sem eru afskiptalausir hins vegar (Ciccharelli og White, 2012).

Agaleyzi, eftirlitsleysi eða styrkingarhættir sem einkennast af því að óæskileg hegðun er styrkt en æskileg hegðun hunsuð flokkast undir óæskilega uppeldishætti samkvæmt Patterson, DeBaryshe og Ramsey (1989). Foreldrar eru líklegri til að beita óuppbyggilegum og þvingandi uppeldisaðferðum ef þeir upplifa mikla streitu (Forgatch, Patterson og DeGarmo, 2005). Slíkar uppeldisaðferðir geta leitt til hegðunarvanda (Baumrind, 1967; Ciccarelli og White, 2012; Patterson o.fl., 1989) og vanlíðunar hjá börnum (Baumrind, 1967; Ciccarelli og White, 2012). Hegðunarvandi hefur sérstaklega verið tengdur uppeldisháttum sem einkennast af valdbeitingu (Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2011). Þess má geta að afleiðingar tilfinningalegs og líkamlegs ofbeldis hafa verið flokkaðar í úthverfar og innhverfar afleiðingar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Guðrún Kristinsdóttir, 2014). Dæmi um úthverfar afleiðingar er hegðunarvandi og dæmi um innhverfar afleiðingar er kvíði og áfallastreituröskun. Þessar afleiðingar geta síðan ýmist verið langvarandi eða tímabundnar (Barnett o.fl., 2011; Kolko, 2002).

Þróuð hefur verið foreldrafærniþjálfun sem kennd er við Oregon í Bandaríkjunum, svokallað Oregon Model of Parent Management Training, með það að markmiði að kenna foreldrum að beita uppbyggilegum uppeldisaðferðum í stað óuppbyggilegra og hefur þessari aðferð verið beitt víða, meðal annars í Bandaríkjunum, í Noregi (Ogden, Fogatch, Askeland, Patterson og Bullock, 2005) og hér á landi (Anna Björnsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, 2009; Barnaverndarstofa, e.d.).

Líkamlegar refsingar hafa verið skilgreindar sem beiting líkamsafls með það að markmiði að barn finni til en skaðist ekki, í þeim tilgangi að leiðrétta eða ná stjórn á hegðun þess (Straus, 2000). Rannsóknir hafa þó sýnt að foreldrar sem beita líkamlegum refsingum geta í sumum tilvikum gengið óviljandi of langt og skaðað barn sitt. Því geta mörkin milli líkamlegra refsinga og líkamlegs ofbeldis verið óljós og segja má að um sama fyrirbæri sé að ræða, sem nær allt frá mildum líkamlegum refsingum yfir í gróft líkamlegt ofbeldi (Ho og Gross, 2015; Rodriguez, 2010). Knutson (1995) skilgreinir ofbeldi (e. abuse) gagnvart barni sem athöfn sem veldur barni skaða eða er líkleg til að valda barni skaða. Tilfinningalegt ofbeldi (e. emotional abuse) felur meðal annars í sér að talað er niður til barns, gert lítið úr því eða að það upplifir ógnandi hegðun foreldris. Líkamlegt ofbeldi (e. physical abuse) er viljandi athöfn, svo sem það að slá barn eða sparka í það, athöfn sem veldur því skaða eða er líkleg til að valda því skaða (Barnett o.fl., 2011; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Þórhildur Línal, 2007) og í Barnalögum (Barnalög nr. 76/2003) er kveðið á um að vernda skuli börn gegn ofbeldi. Í Barnaverndarlögum (16. gr.) segir að öllum sé skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar hafi þeir ástæðu til að ætla að barn: a) búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, b) verði fyrir áreitni eða ofbeldi

eða c) stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Ekki kemur þó nákvæmlega fram í þeim lögum í hverju „áreitni eða ofbeldi“ felst (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Með breytingum á Barnaverndarlögum nr. 52/2009 var leitast við að skýra það frekar, en þar segir að óheimilt sé með öllu að beita barn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Ekki er þó tiltekið hvað felist í „annarri vanvirðandi háttsemi“. Í Barnalögum er hins vegar tekið fram að bannað sé að beita börn andlegum og líkamlegum refsingum.

Þegar litið er til tíðni sálrænnar og líkamlegrar valdbeitingar sem ögunaraðferðar sýna eldri rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum að hátt hlutfall foreldra hafi beitt sálrænni og líkamlegri valdbeitingu. Ein rannsókn sýndi til dæmis að um 90% foreldra hefðu beitt sálrænni valdbeitingu sem ögunaraðferð síðastliðna 12 mánuði gagnvart börnum sínum sem voru á aldrinum 2–17 ára (Straus og Field, 2003). Aðrar eldri rannsóknir hafa sýnt að yfir 90% bandarískra foreldra hafa beitt börn sín á leikskólaaldri líkamlegum refsingum (Clausen, 1966; Frude og Goss, 1979; Newson og Newson, 1963; Sears, Maccoby og Levin, 1957; Straus, 1983, 1991) en nýlegri rannsóknir hafa sýnt að 60–95% foreldra í Bandaríkjunum beita líkamlegum refsingum þegar börn þeirra eru 2–3 ára (Gershoff, 2002; Straus, 2010). Í Kanada virðist einnig talsvert hátt hlutfall foreldra beita líkamlegum refsingum. Rannsókn sem gerð var þar sýndi að 71% kanadískra mæðra hafði einhvern tíma beitt líkamlegum refsingum við uppeldi barna sinna (Durrant, Rose-Krasnor og Broberg, 2003). Rannsókn sem gerð var í Egyptalandi sýndi að 76% mæðra beittu líkamlegum refsingum (Abolfotough, El-Bourgy, Seif El Din og Mehana, 2009). Hlutfallið virðist talsvert lægra í Evrópu. Nýleg rannsókn sýndi að meðal sex Evrópuþjóða var hlutfall foreldra sem beitti líkamlegum refsingum hæst í þeim löndum þar sem slíkt er enn löglegt en þar var hlutfallið þó mun lægra en í áður nefndum löndum, eða 11 og 13% (duRivage o.fl., 2015).

Þó að líkamlegar refsingar hafi tíðkast fyrr á tímum hér á landi (Hildur Biering, 2006) virðast þær ekki vera eins algengar og í Bandaríkjunum og Kanada. Samkvæmt nýjustu ársskýrslu Barnaverndarstofu (2014) bárust á árinu 2013 8.552 tilkynningar til barnaverndaryfirvalda vegna ofbeldis, vanrækslu og áhættuhegðunar barna. Þar af var tilkynnt í 1.174 skipti (13,7%) um tilfinningalegt ofbeldi og 542 skipti (6,3%) um líkamlegt ofbeldi. Þess ber að geta að gerendur geta verið aðrir en foreldrar viðkomandi barna. Auk þess er fjöldi tilkynninga ekki hinn sami og fjöldi barna, þar sem fleiri en ein tilkynning getur átt við um sama barn. En sé gengið út frá því að fjöldi barna hafi verið sá sami og fjöldi tilkynninga, þá var tilkynnt um tilfinningalegt ofbeldi gagnvart 1,5% barna og um líkamlegt ofbeldi gagnvart 0,7% barna miðað við heildarfjölda barna á Íslandi árið 2013 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).

Spurningalistakannanir meðal foreldra um ögunaraðferðir sem þeir beita eru taldar koma nær því að mæla raunverulega tíðni ofbeldis gagnvart börnum en opinberar tölur gefa til kynna (Straus, Hamby og Warren, 2003). Spurningalistakönnun eins og hér er greint frá hefur ekki verið gerð fyrr hér á landi. Hins vegar hafa verið gerðar aðrar kannanir hérlendis sem ekki eru fyllilega samanburðarhæfar. Nýverið var t.d. gerð spurningalista-könnun þar sem spurt var um ögunaraðferðir foreldra gagnvart þátttakendum þegar þeir voru á barnsaldri (Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, 2013). Niðurstöður sýndu að 48% höfðu mátt þola líkamlegar refsingar af hálfu foreldra eða annarra forsjáraðila, sem voru leyfilegar á þeim tíma en mundu í dag væntanlega flokkast undir líkamlegt ofbeldi.

Í 36% tilvika hafði faðir beitt líkamlegum refsingum, móðir í 33% tilvika og báðir foreldrar í 24% tilvika. Niðurstöður þessarar rannsóknar gáfu til kynna að líkamlegar refsingar væru á undanhaldi, því þeir sem voru yngri en 30 ára voru mun líklegri til að hafa ekki upplifað líkamlegar refsingar en þeir sem voru 30 ára og eldri. Önnur rannsókn, sem gerð var hér á landi fyrir tveimur áratugum, sýndi að rúm 93% foreldra voru á móti líkamlegum refsingum (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1994) en sú rannsókn mældi viðhorf fólks, ekki athafnir. Nýleg sænsk rannsókn sýndi að hátt hlutfall mæðra, 80%, telur skaðlegt að rasskella börn en í Svíþjóð er bannað með lögum að beita líkamlegum refsingum. Þó hafði talsvert hátt hlutfall sænskra mæðra beitt líkamlegum refsingum einhvern tíma í uppeldi barna sinna eða 45% þeirra (Durrant o.fl., 2003), sem er svipað hlutfall og fram kom í afturvirkri rannsókn Geirs Gunnlaugssonar og Jónínu Einarsdóttur (2013). Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að samræmi sé ekki mikið í viðhorfum og hegðun hvað varðar ögunaraðferðir foreldra.

Þegar horft er til annarra þátta, svo sem aldurs foreldra og menntunar eða hvort mæður eða feður séu líklegri til að beita líkamlegum ögunaraðferðum, kemur ýmislegt í ljós. Í yfirlitsgrein kom fram að mæður og feður væru álíka líkleg til að beita börn líkamlegu ofbeldi (Nobes og Smith, 2000) en í rannsókn á opinberum gögnum barnaverndaryfirvalda í Bandaríkjunum var niðurstaðan sú að feður væru líklegri til að beita börn líkamlegu ofbeldi en mæður (Sedlak o.fl., 2010). Einnig hefur komið í ljós að ungir foreldrar eru líklegri til að beita börn sín ofbeldi (duRivage o.fl., 2015; Barnett, o.fl., 2011; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005), svo og foreldrar með litla menntun (duRivage o.fl., 2015; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Klevens, Bayón og Sierra, 2000).

Í þessari rannsókn var leitast við að skoða hvaða sálrænum og líkamlegum ögunaraðferðum foreldrar beita gagnvart börnum sínum hér á landi. Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- i. Hversu hátt hlutfall foreldra notar uppbyggilegar uppeldisaðferðir?
- ii. Hversu hátt hlutfall foreldra beitir sálrænni valdbeitingu og líkamlegri refsingu sem uppeldisaðferð?
- iii. Beita færri íslenskir foreldrar líkamlegu afli sem ögunaraðferð en bandarískir?
- iv. Hefur kyn, aldur eða menntun foreldra áhrif á það hvort þeir beita líkamlegum refsingum og líkamlegu ofbeldi?

## AÐFERÐ

### Mælitæki

Notaður var spurningalisti sem er nokkurs konar kvarði yfir átakatækni foreldra gagnvart börnum og nefnist á ensku Conflict Tactics Scale Parent Child (CTSPC). Þessi útgáfa spurningalistans er endurútgáfa lista þeirra félaga Straus, Hambys og Warrens (2003), en spurningalisti þessi hefur verið notaður áratugum saman í tugum landa. Leyfi fékkst til að nota listann hjá Western Psychological Services (leyfisnúmer 70096174). Spurningalistinn samanstendur af 22 staðhæfingum sem tengjast mismunandi ögunaraðferðum eða aðferðum til að bregðast við ágreiningi milli foreldra og barns. Spurt var hvort viðkomandi

foreldri hefði beitt þessum aðferðum síðastliðið ár og voru svarmöguleikarnir eftirfarandi: a) aldrei, b) einu sinni, c) tvisvar, d) þrisvar til fimm sinnum, e) sex til tíu sinnum, f) 11 til 20 sinnum eða g) oftar en 20 sinnum. Einnig var spurt hvort viðkomandi hefði einhvern tíma beitt þessum aðferðum þótt það hefði ekki verið á þessu ári. Aðrar spurningar voru í spurningalistanum um aldur, kyn, menntun og þjóðerni. Einnig voru þar spurningar um ögunaraðferðir undanfarna viku, um vanrækslu og um kynferðislegt ofbeldi.

Þessar 22 staðhæfingar voru taldar mæla í fyrsta lagi ögunaraðferðir án ofbeldis (4 atriði), í öðru lagi sálræna valdbeitingu (5 atriði) og í þriðja lagi líkamlega valdbeitingu (13 atriði). Líkamlegri valdbeitingu er skipt upp í þrjú stig: a) vægar líkamlegar refsingar, b) alvarlegar og c) mjög alvarlegar. Eitt atriðið (þú hristir barnið þitt) telst samkvæmt höfundum listans vera vægt ef barnið er tveggja ára gamalt eða eldra en mjög alvarlegt ef barnið er yngra en tveggja ára. Þar sem úrtakið hér á landi tók einungis til foreldra með 6–17 ára börn á heimilinu var þetta atriði flokkað undir vægar líkamlegar refsingar. Þess ber einnig að geta að höfundar spurningalistans flokka eitt atriði (þú hótadur barninu þínu með hnífi) sem alvarlegt líkamlegt ofbeldi (Straus o.fl., 2003) en einnig mætti færa rök fyrir því að þetta atriði félli undir tilfinningalegt ofbeldi eða sálræna valdbeitingu þar sem barninu er hótad en ekki er um að ræða líkamlega snertingu við barnið. Þess ber einnig að geta að atriðið „að senda barn út af heimilinu“ flokkast undir líkamlega valdbeitingu í spurningalistanum en gæti flokkast undir vanrækslu á umsjón og eftirliti (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012) eða undir sálræna valdbeitingu þar sem ekki er um líkamlega snertingu að ræða, heldur ógnun. Þessu til viðbótar voru fjórar staðhæfingar um ögun sem foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu beitt undanfarna viku.

Þar sem líkamlegar refsingar eru nú bannaðar á Íslandi samkvæmt barnaverndarlögum gætu þau atriði sem áður töldust líkamlegar refsingar en ekki líkamlegt ofbeldi nú flokkast undir líkamlegt ofbeldi. Það á hins vegar ekki við í Bandaríkjunum þar sem listinn hefur verið þróaður. Þar flokkast líkamlegar refsingar ekki undir líkamlegt ofbeldi (Straus o.fl., 2003).

Innri áreiðanleiki CTSPC hefur reynst viðunandi eða á bilinu 0,55 upp í 0,72 samkvæmt Alpha-fylgnistuðlinum í einstökum hlutum listans. Alpha-fylgnistuðullinn reyndist vera 0,79 í þessari rannsókn. Einnig hafa athuganir stutt réttmæti spurningalistans, meðal annars hugtakaréttmæti hans, og leitt í ljós að þátttakendur reyna ekki mikið að fegra sig (e. social desirability response) (Straus o.fl., 2003) en það gæti verið vegna þess að spurningalistinn er ekki persónuleganlegur.

Tveir aðilar voru fengnir til að þýða spurningalistann úr ensku yfir á íslensku. Annar þeirra var meistaranemi í félagsráðgjöf og hinn með BA-gráðu í ensku. Þriðji aðilinn, höfundur þessarar greinar, skar úr um hvor þýðingin ætti að gilda þegar ekki var samræmi (Hambleton, 2005; Sigurgrímur Skúlason, 2005). Spurningalistinn var einnig forprófaður með því að leggja hann fyrir nokkra starfsmenn þekkingarnets Þingeyinga og var hann síðan lagfærður til samræmis við athugasemdir sem bárust eftir þá forpröfun. Einnig voru þátttakendur spurðir nokkurra spurninga sem höfundur þessarar greinar samdi, um það hvort barnið hafi verið greint með tiltekna skerðingu eða röskun.

## Pátttakendur og framkvæmd

Spurningalistar voru sendir til einstaklinga eldri en 18 ára sem valdir voru með slembi-úrtaki úr þjóðskrá af landinu öllu og skráðir með barn á heimili sínu á aldrinum 6–17 ára þegar könnunin var gerð í október 2011. Svör bárust fram í janúar 2012. Fjöldi útsendra spurningalista var 2.600. Einungis voru sendir spurningalistar til pátttakenda sem báru íslensk nöfn, þar sem hugmyndin var að kanna ögunaraðferðir Íslendinga, og einnig til að koma í veg fyrir of mikið brottfall vegna tungumálaörðugleika. Kynningarbréf var sent með spurningalistunum til pátttakenda, þar sem markmið rannsóknarinnar voru útskýrð. Ekki var hægt að rekja spurningalista til einstakra pátttakenda. Þannig var nafnleyndar og trúnaðar við pátttakendur gætt. Svör bárust frá 617 pátttakendum eða 23,7%. Foreldrar sem svöruðu spurningalistanum voru á aldrinum 26–76 ára. Taka ber fram að ekki var unnt að tryggja að um raunverulega foreldra væri að ræða í úrtakinu þar sem það var valið úr þjóðskrá. Viðmið voru þau að börn á aldrinum 6–17 ára byggu á heimilinu og því er líklegt að í þeim tilfellum þar sem pátttakendur voru nokkuð við aldur hafi þeir verið ömmur og/eða afar í hlutverki umönnunaraðila en ekki foreldrar. Aðeins sex foreldrar voru þó yfir sextugu, svo ólíklegt verður að teljast að um margar ömmur og afa hafi verið að ræða. Foreldrar sem svöruðu spurningalistanum voru að meðaltali 47 ára gamlir. Konur voru að meðaltali 44 ára (SD = 12,75) en karlar að meðaltali nokkru eldri eða 50 ára (SD = 16,76). Ívið fleiri karlar svöruðu spurningalistanum en konur. Karlar sem svöruðu voru 326 talsins (53%) en konur 291 (47%), en karlar voru 50,43% og konur 49,57% á þessu aldursbili á landinu á þessum tíma (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Samtals voru pátttakendur því 617 talsins. Þegar litið er til menntunar pátttakenda, voru 116 (19%) einungis með lokapróf úr grunnskóla, 117 (19%) voru með iðnmenntun, 86 (14%) höfðu lokið stúdentsprófi og 295 (48%) voru með háskólapróf. Á þessum tíma voru viðmiðunartölur fólks á svipuðu aldursbili þannig að 24% höfðu einungis lokið grunnskóla, 22% lokið iðnmenntun eða stúdentsprófi og 16% höfðu lokið háskólaprófi (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Ljóst er því að hlutfallslega fleiri sem lokið höfðu háskólaprófi svöruðu spurningalistanum og hlutfallslega færri sem lokið höfðu iðnmenntun eða stúdentsprófi. Tveir pátttakendur upplýstu ekki um menntun sína. Allflestir pátttakendur voru íslenskir eða 610 (99%), þrír sögðust vera af öðru þjóðerni og fjórir svöruðu ekki þessari spurningu.

Rannsókn þessi var tilkynnt til Persónuverndar í janúar 2011 (númer tilkynningar var S4671). Þekkingarnet Þingeyinga sá um úrtaksgerð. Rannsóknarstofa um barna- og fjölskylduvernd (RBF) sá um framkvæmd rannsóknarinnar, þ.e. að fjölrita spurningalistann og senda hann til pátttakenda.

## NIÐURSTÖÐUR

### Lýsandi tölfræði

Þegar svör pátttakenda um uppbyggilegar ögunaraðferðir við börn þeirra eru skoðuð kemur í ljós að allflestir pátttakendur segja að þeir hafi beitt slíkum aðferðum. Til dæmis höfðu 97,6% foreldra útskýrt fyrir barni sínu síðastliðna 12 mánuði af hverju eitthvað sem barnið hafði gert væri rangt. Athyglisvert er að tæplega helmingur foreldra sagðist hafa útskýrt fyrir börnum sínum af hverju eitthvað væri rangt oftast en tuttugu sinnum

síðastliðið ár (45%) og tæplega helmingur foreldra sagðist aldrei hafa sett barn sitt í einveru (e. time-out) á sama tímabili (46%). Mun algengara var að foreldrar segðust hafa fengið barn sitt til að gera eitthvað annað en það sem það hafði verið að gera (73%). Þá sagðist tæplega helmingur foreldra (43%) aldrei hafa neitað barni sínu um eitthvað eftirsóknarvert eða tekið einhver forréttindi af því (t.d. tölvutíma). Sjá má í töflunni hversu oft var merkt við hvert atriði að meðaltali á kvarðanum sem mældi uppbyggilegar ögunaraðferðir.

Þegar litið er til aðferða við ögun barna sem teljast þvingandi, þar sem þær fela í sér sálræna valdbeitingu, kemur fram að meirihluti foreldra, 66%, hefur beitt slíkri aðferð af einhverju tagi, þar af kváðust flestir hafa öskrað á barn sitt (57%). Aftur á móti sagðist rúmlega þriðjungur (36%) foreldra hafa notað blótsyrði þegar þeir töluðu við barn sitt en það var eitt þeirra atriða sem flokkað var sem sálræn valdbeiting. Lágt hlutfall foreldra sagðist hafa beitt hinum aðferðunum sem spurt var um og flokkast undir sálræna valdbeitingu. Þó sögðust 13% foreldra hafa notað orð eins og heimskingi, letingi eða önnur svipuð um barn sitt. Sjá má í töflu hér fyrir neðan hversu oft var merkt við hvert atriði að meðaltali á kvarðanum sem mældi sálræna valdbeitingu.

Tæplega fimmtungur foreldra (19,4%) sagðist hafa beitt líkamlegri valdbeitingu síðastliðið ár. Þeir foreldrar sem sögðust hafa beitt líkamlegri valdbeitingu höfðu flestir merkt við vægar líkamlegar refsingar samkvæmt CTSPC, til dæmis að rasskella barn sitt. Nokkrir foreldrar sögðust þó hafa beitt börn sín alvarlegu líkamlegu ofbeldi. Þannig sögðust fjórir foreldrar (0,65%) hafa slegið barnið sitt með einhverjum hlut á annan stað á líkama þess en á rassinn. Þá sögðust nokkrir foreldrar hafa beitt börn sín mjög alvarlegu líkamlegu ofbeldi. Þannig sögðust fjórir foreldrar (0,65%) hafa slegið barn sitt af öllum kröftum fyrir eitthvað sem barnið hafði gert. Eitt foreldri (0,16%) sagðist hafa tekið utan um háls barns síns og hert að (oftar en tuttugu sinnum undanfarið ár), eitt foreldri (0,16%) merkti einnig við að hafa brennt barnið sitt viljandi (oftar en tuttugu sinnum undanfarið ár) og eitt foreldri merkti við að hafa ógnað barni sínu með hnífi (oftar en tuttugu sinnum undanfarið ár). Taflan sýnir hversu oft var merkt við hvert atriði að meðaltali á kvarðanum sem mældi líkamlega valdbeitingu.

**Tafla. Ögunaraðferðir foreldra**

Hversu oft þátttakendur notuðu eftirfarandi aðferðir að meðaltali síðastliðið ár:	Aldrei	1	2	3–5	6–10	11–20	Oftar
Uppbyggilegar aðferðir við ögun barna	170	30	50	107	75	47	108
(meðaltíðni, 4 atriði)	28,9%	5,1%	8,5%	18,2%	12,8%	8,0%	18,5%
Sálræn valdbeiting	458	33	40	51	19	9	6
(meðaltíðni, 5 atriði)	74,4%	5,3%	6,4%	8,2%	3,1%	1,5%	1,0%
Líkamleg valdbeiting	593	8	7	4	2	0,4	1
(meðaltíðni, 13 atriði)	96,5%	1,4%	1,1%	0,6%	0,3%	0,1%	0,2%

Þátttakendur voru einnig spurðir að því hvort þeir hefðu beitt tilteknum ögunaraðferðum undanfarna viku. Þar kemur fram að 64 þátttakendur (10,37%) sögðust hafa sett barn sitt í einveru eða sent það inn í herbergi sitt, 88 (14,26%) höfðu öskrað á barn sitt, þrír (0,48%) höfðu rassskellt barn sitt og þrír (0,48%) slegið á hönd, handlegg eða fótlegg barns síns undanfarna viku. Í spurningalistanum var einnig spurt hvort viðkomandi hefði einhvern tíma beitt þessum aðferðum (Straus o.fl., 2003) en sú spurning var ekki greind, þar sem ákveðið var að skoða einungis ögunaraðferðir sem foreldrar höfðu notað undanfarið ár. Þetta var ákveðið vegna þess að talið er erfiðara að treysta minni fólks þegar horft er mjög langt aftur í tímann (Cicarelli og White, 2012).


## Ályktandi tölfræði

Niðurstöður sýndu að yngri foreldrar beittu marktækt oftar líkamlegri og sálrænni valdbeitingu en eldri foreldrar (mynd). Þegar skoðað var hvort líkamlegri eða sálrænni valdbeitingu væri beitt kom þó ekki fram marktækur munur eftir aldri, kyni eða menntun foreldra. Marktækt færri foreldrar beita líkamlegum refsingum hér á landi en í Bandaríkjunum. Ekki reyndist vera marktækur munur á tíðni líkamlegrar og sálrænnar valdbeitingar eftir kyni eða menntun foreldra. Hér á eftir verður farið nánar í þessar niðurstöður ásamt viðeigandi marktækniþrófum.

Marktækur munur var á svörum um tíðni ögunaraðferða sem birtust í líkamlegri valdbeitingu eftir aldri,  $F(613,2) = 6,93$ ,  $p = 0,001$ , og sögðust yngri foreldrar marktækt oftar beita líkamlegri valdbeitingu sem ögunaraðferð en eldri foreldrar. Elstu foreldrarnir sögðust sjaldnast beita slíkri aðferð. Ekki var marktækur munur á svörum um tíðni ögunaraðferða sem birtist í líkamlegri valdbeitingu eftir kyni,  $F(614,1) = 1,24$ ,  $p = 0,27$ , og menntun,  $F(611,4) = 0,48$ ,  $p = 0,750$ . Þegar öll stig líkamlegrar valdbeitingar voru tekin saman í eina breytu kom ekki fram marktækur munur er varðaði annars vegar kyn,  $F(614,1) = 1,42$ ,  $p = 0,235$ , aldur,  $F(613, 2) = 0,46$ ,  $p = 0,63$ , eða menntun,  $F(611, 4) = 1,15$ ,  $p = 0,33$ , foreldra og hins vegar hvort líkamlegri valdbeitingu hefði verið beitt undanfarið ár. Munurinn á fjölda foreldra sem sögðust beita líkamlegum refsingum samkvæmt þessari rannsókn hér á landi og þeim fjölda foreldra sem gera slíkt hið sama í Bandaríkjunum reyndist marktækur þegar z-próf var notað til að bera niðurstöður þessarar rannsóknar saman við fyrri rannsóknir, (60–74%),  $z = 27,15$ ,  $p < 0,01$ ; marktækt færri foreldrar beittu líkamlegum refsingum hér á landi samkvæmt þessari rannsókn.

Næst verður skoðað hverjir sögðust beita sálrænum ögunaraðferðum, út frá aldri, kyni og menntun. Ennfremur verður fjallað um tíðni slíkra ögunaraðferða út frá þessum breytum. Marktækur munur reyndist vera á tíðni svara um sálræna valdbeitingu eftir aldurshópum,  $F(2) = 9,93$ ,  $p = 0,001$ , og sögðust yngri foreldrar oftar beita sálrænni valdbeitingu en foreldrar á miðjum aldri, og foreldrar á miðjum aldri sögðust oftar beita slíkum ögunaraðferðum en foreldrar í elsta aldurshópnum. Ekki var marktækur munur á tíðni sálrænnar valdbeitingar eftir kyni,  $F(1) = 1,24$ ,  $p = 0,26$ . Ekki reyndist heldur marktækur munur á tíðni sálrænnar valdbeitingar eftir menntun,  $F(4) = 0,48$ ,  $p = 0,75$ . Þegar horft var til þess hvort foreldrar hefðu beitt sálrænni valdbeitingu sem ögunaraðferð síðastliðið ár reyndist ekki vera marktækur munur eftir kyni,  $F(1) = 0,03$ ,  $p = 0,865$ , aldri,  $F(2) = 1,48$ ,  $p = 0,23$ , eða menntun,  $F(4) = 0,47$ ,  $p = 0,755$ .





Mynd. Tíðni sálrænnar valdbeitingar eftir aldri og kyni foreldra

## UMRÆÐA

Helsta niðurstaða rannsóknarinnar er sú að meirihluti foreldra segist nota mildar refsingar. Mikill meirihluti foreldra hafði notað þá uppbyggilegu aðferð að útskýra fyrir barni sínu af hverju eitthvað væri rangt. Um helmingur foreldra hafði sett barn sitt í einveru. Hugsanlega hefði það dugað fyrir marga aðra foreldra að ræða eingöngu við börn sín og að það hafi verið óþarfi að setja þau í einveru. Börn hafa ólíka skapgerð og sum þeirra hlýða án þess að það þurfi að beita þau aga (Rothbart og Ahadi, 1994). Hins vegar kom fram að þó nokkuð var einnig um þvingandi uppeldisaðferðir. Um helmingur foreldra sagðist hafa öskrað á börn sín. Þá sögðust 13% foreldra hafa gert lítið úr barni sínu, en slík sálræn valdbeiting flokkast undir tilfinningalegt ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Það er umhugsunarvert að allhátt hlutfall foreldra, eða 19%, hafði beitt líkamlegri valdbeitingu sem ögunaraðferð einhvern tíma á undanförunu ári. Samkvæmt þessari rannsókn sagðist því hærra hlutfall foreldra beita líkamlegri valdbeitingu við að aga börn sín en þau 7% sem ekki sögðust vera móttfallin líkamlegum refsingum samkvæmt rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og félaga (1994). Þetta hlutfall er verulega hærra en þau 0,7% barna sem áætlað er í ársskýrslu Barnaverndarstofu (2014) að beitt séu líkamlegum refsingum, miðað við fjölda barna hér á landi í þessum aldurshópi (Hagstofan, e.d.a.). Hlutfallið er hins vegar mun lægra en þau 48% sem fram koma í rannsókn Geirs Gunnlaugssonar og Jónínu Einarsdóttur (2013). Þess ber þó að gæta að foreldrar (gerendur) voru spurðir um ögunaraðferðir síðastliðið ár í þessari rannsókn en uppkomin börn (þolendur) voru spurð um ögunaraðferðir sem þau voru beitt alla barnæskuna í rannsókn Geirs og Jónínu. Tíðni ögunaraðferða sem felast í líkamlegu afli reyndist auk þess talsvert lægri en rannsóknir hafa sýnt í Bandaríkjunum (60–76%) (Miller-Perrin og Perrin, 2007; Straus, 1991).

Þegar horft er til uppeldisaðferða út frá kyni foreldra kemur í ljós að ekki reynist vera marktækur munur á fjölda mæðra og feðra sem segjast beita börn sín líkamlegu ofbeldi.

Það er í samræmi við eldri rannsókn sem gerð var hér á landi (Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, 2013) en er ekki í samræmi við barnaverndartilkynningar í Bandaríkjunum (Sedlak o.fl., 2010) sem hafa sýnt að feður séu líklegri en mæður til að beita börn líkamlegu ofbeldi. Ekki reyndist heldur marktækur munur á kynjunum hvað varðar tíðni slíkra uppeldisaðferða.

Ekki reyndist vera marktækur munur á aldri foreldra eftir því hvort þeir sögðust hafa beitt líkamlegri valdbeitingu sem ögunaraðferð. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við niðurstöður rannsóknar Geirs Gunnlaugssonar og Jónínu Einarsdóttur (2013), en þar kom fram að eldri foreldrar voru líklegri til að beita líkamlegri valdbeitingu en yngri foreldrar. Þó ekki hafi verið marktækur munur á aldri foreldra og hvort þeir sögðust hafa beitt líkamlegum refsingum kom fram marktækur munur á tíðni slíkra refsinga meðal aldurs hópa foreldra í þessari rannsókn. Þeir foreldrar sem á annað borð notuðu líkamlega valdbeitingu gerðu það oftast eftir því sem þeir voru yngri. Hið sama má segja um þá foreldra sem notuðu sálræna valdbeitingu; þeir gerðu það einnig því oftast sem þeir voru yngri. Þess má geta að samkvæmt opinberum tölum í Bandaríkjunum eru börn líklegri til að verða fyrir líkamlegu ofbeldi eftir því sem þau verða eldri, öfugt við annars konar misbrest í aðbúnaði þeirra (Barnett o.fl., 2011). Þannig geta líkamlegar refsingar leitt til hegðunarvanda sem aftur leiðir til frekari líkamlegra refsinga.

Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að mikilvægt geti verið að veita ungum foreldrum stuðning í uppeldishlutverkinu og draga úr streitu hjá þeim. Slíkt væri hægt að gera með fjölskylduvænni félagsmálastefnu, þar sem það hefur sýnt sig að félagslegur stuðningur dregur úr líkum á því að börn verði fyrir ofbeldi. Félagslegur stuðningur getur þannig haft áhrif á uppeldishætti foreldra og stuðlað að jákvæðum uppeldisháttum (Kamerman og Kahn, 1995). Einnig gætu skólafélagsráðgjafar vísað foreldrum sem eiga börn með hegðunarerfiðleika og foreldrum sem eiga erfitt með að aga börn sín á viðeigandi úrræði. Þá er æskilegt að barnaverndarstarfsmenn vísi foreldrum sem nota sálræna valdbeitingu og/eða líkamlegar refsingar á viðeigandi úrræði, eins og til dæmis foreldrafærniþjálfun (PMT – Parent Management Training). En eins og þegar hefur komið fram er foreldrafærniþjálfun sérhannað úrræði fyrir foreldra barna með hegðunvandkvæði (Anna Björnsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, 2009; Barnaverndarstofa, e.d; Hautmann o.fl., 2009; Michelson, Davenport, Dretzke, Barlow, og Day, 2013).

Ekki reyndist vera marktækur munur á menntun foreldra eftir ögunaraðferðum sem þeir beittu. Í gögnunum mátti sjá að tíðni slíkra aðferða væri hæst meðal þeirra sem voru einungis með grunnskólamenntun, þá háskólapróf, því næst meðal þeirra sem voru með stúdentspróf og loks lægst meðal þeirra sem voru með iðnskólapróf. Hér var þó ekki um línuleg tengsl að ræða, auk þess sem munurinn var ekki marktækur. Þessar niðurstöður eru að því leyti í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna að hlutfallslega flestir foreldrar með minnstu menntunina voru líklegir til að beita líkamlegum refsingum (Barnett o.fl., 2011; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Athyglisvert væri að skoða nánar tengsl menntunarstigs og uppeldisaðferða.

Þessi rannsókn gefur vísbendingar um að hlutfall foreldra sem beita óuppbyggilegum uppeldisaðferðum geti verið talsvert hærra en opinberar tölur sýna. Mikilvægt er að gera frekari rannsóknir á ögunaraðferðum foreldra hér á landi. Meðal þess sem athyglisvert væri að skoða er hvort uppeldisaðferðir foreldra sem fela í sér sálræna og líkamlega

valdbeitingu tengist öðrum þáttum en þeim þremur sem kannaðir voru í þessari rannsókn (aldur, kyn og menntun foreldra), svo sem fjölskyldugerð, atvinnu og efnahag foreldra. Jafnframt væri athyglisvert að kanna tengsl uppeldisaðferða og ýmissa áhættuþátta sem tengjast foreldrum. Í ýmsum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að áhættuþættir geta haft áhrif á uppeldisaðferðir og aðbúnað barna. Má þar nefna þætti eins og þunglyndi og vímuefnaneyslu (Barnett o.fl., 2011; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Markward, 1997; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Mikilvægt er að rannsaka frekar hvort áhættuþættir sem tengjast börnum auki líkur á því að þau verði fyrir sálrænni og líkamlegri valdbeitingu.

Helsta takmörkun þessarar rannsóknar liggur í lágu svarhlutfalli. Í ljósi eðlis hennar var gert ráð fyrir að svarhlutfall yrði ekki hátt. Fyrri rannsóknir þar sem mælitæki af þessu tagi hafa verið notuð og stuðst við tilviljunarúrtak hafa einnig verið því marki brenndar að svarhlutfall hefur verið lágt (sjá t.d. Hodgins, Lövenhag, Rehn og Nilsson, 2014; Straus, Hamby, Finkelhor, Moore og Runyan, 1997) eða mjög lágt (Edenborough, Wilkes, Jackson og Mannix, 2011). Þess vegna var úrtakið haft verulega stærra en hefð er fyrir. En þótt ekki sé hægt að alhæfa um niðurstöður þessarar rannsóknar yfir á þýðið er engu að síður óhætt að halda því fram að rannsóknin gefi vísbendingar um að hlutfall foreldra sem beitir þvingandi uppeldisaðferðum geti verið talsvert hærra en opinberar tölur segja til um.

## ATHUGASEMD

Höfundur vill koma á framfæri þakklæti til Vísindanefndar Félagsráðgjafarfélags Íslands sem styrkti rannsóknina. Einnig til Sigurgríms Skúlasonar fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

## HEIMILDIR

- Abolfotouh, M. A., El-Bourgy, M. D., Seif El Din, A. G. og Mehanna, A. A. (2009). Corporal punishment: Mother's disciplinary behavior and child's psychological profile in Alexandria, Egypt. *Journal of Forensic Nursing*, 5(1), 5–17. doi:10.1111/j.1939-3938.2009.01025.x
- Anna Björnsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (2009). PMTO-aðferðin: Áhrif forvarna og meðferðar við hegðunarerfiðleikum leik- og grunnskólubarna í Hafnarfirði. *Uppeldi og menntun*, 18(2), 9–28.
- Barnalög nr. 76/2003. Útgáfa 145a.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002. Útgáfa 145a.
- Barnaverndarstofa. (e.d.). *PMTO-foreldrafærni*. Sótt af <http://www.bvs.is/almeningur/urraedi/pmoto-foreldrafaernithjalfun/>
- Barnaverndarstofa. (2014). *Ársskýrsla 2012–2013*. Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt af [http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa\\_2012-2013.pdf](http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa_2012-2013.pdf)
- Barnett, O., Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2011). *Family violence across the lifespan: An introduction* (3. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Baumrind, D. (1967). Child care practices anteceding three patterns of preschool behavior. *Genetic Psychology Monograph*, 75(1), 43–88.

- Cicarelli, S. K. og White, J. N. (2012). *Psychology: An exploration* (2. útgáfa). Boston: Pearson.
- Clausen, J. A. (1966). Family structure, socialization and personality. Í L. W. Hoffman og M. L. Hofman (ritstjórar), *Review of child development research* (2. bindi, bls. 1–53). New York: Russel Sage Foundation.
- duRivage, N., Keyes, K., Leray, E., Pez, O., Bitfoi, A., Koç, C. ... Kovess-Masfeti, V. (2015). Parental use of corporal punishment in Europe: Intersection between public health and policy. *PLOS ONE*, *10*(2): e0118059. doi:10.1371/journal.pone.0118059.
- Durrant, J. E., Rose-Krasnor, L. og Broberg, A. G. (2003). Physical punishment and maternal beliefs in Sweden and Canada. *Journal of Comparative Family Studies*, *34*(4), 585–604.
- Edenborough, M., Wilkes, L. M., Jackson, D. og Mannix, J. (2011). Development and validation of the child-to-mother violence scale. *Nurse Researcher*, *18*(2), 63–76. doi:10.7748/nr2011.01.18.2.63.c8285
- Forgatch, M. S., Patterson, G. R. og DeGarmo, D. S. (2005). Evaluating fidelity: Predictive validity for a measure of competent adherence to the Oregon model of parent management training. *Behavior Therapy*, *36*(1), 3–13. doi:10.1016/S0005-7894(05)80049-8
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment: An ecological approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd* (2. útgáfa). Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt af <http://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-090215-3.pdf>
- Frude, N. og Goss, A. (1979). Parental anger: A general population survey. *Child Abuse & Neglect*, *3*(1), 331–333. doi:10.1016/0145-2134(79)90050-4
- Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir. (2013). Reynsla fullorðinna Íslendinga af líkamlegum refsingum og ofbeldi í æsku. *Læknablaðið*, *99*(5), 235–239.
- Gershoff, E. T. (2002). Corporal punishment by parents and associated child behaviors and experiences: A meta-analytical and theoretical review. *Psychological Bulletin*, *128*(4), 539–579. doi:10.1037//0033-2909.128.4.539
- Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). (2014). *Ofbeldi á heimili: Með augum barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2015*. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit/MAN00101.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit/MAN00101.px/)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Vinumarkaðurinn eftir kyni, aldri, búsetu og menntun 1991–2013, hlutfallsleg skipting*. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_vinnumarkadur\\_\\_vinnumarkadur/VIN01104.px/table/tableViewLayout1/?rxdid=90159534-55cc-4656-9325-b541991c845f](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadur/VIN01104.px/table/tableViewLayout1/?rxdid=90159534-55cc-4656-9325-b541991c845f)
- Hambleton, R. K. (2005). Issues, designs, and technical guidelines for adapting tests into multiple languages and cultures. Í R. K. Hambleton, P. F. Merenda og C. D. Spielberger (ritstjórar), *Adapting educational and psychological tests for cross-cultural assessment* (bls. 3–38). Mahwah: Lawrence Erlbaum.

- Hautmann, C., Hoijtink, H., Eichelberger, I., Hanisch, C., Plücker, J., Walter, D., Döpfner, M. (2009). One-year follow-up of a parent management training for children with externalizing behaviour problems in the real world. *Behavioral and Cognitive Psychotherapy*, 37(4), 379–396. doi:10.1017/S135246580999021X
- Hildur Biering. (2006). *Barnauppeldisins heilaga skylda: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*. Reykjavík: Sögufélag.
- Ho, G. W. K. og Gross, D. A. (2015). Differentiating physical discipline from abuse: Q findings from Chinese American mothers and pediatric nurses. *Child Abuse & Neglect*, 43(May), 83–94. doi:10.1016/j.chiabu.2015.03.012
- Hodgins, S., Lövenhag, S., Rehn M., og Nilsson, K. W. (2014). A 5-year follow-up study of adolescents who sought treatment for substance misuse in Sweden. *European Child & Adolescent Psychiatry*, 23(5), 347–360. doi:10.1007/s00787-013-0456-0
- Kammerman, S. B. og Kahn, A. J. (1995). *Starting right: How America neglects its youngest children and what we can do about it*. New York: Oxford University Press.
- Klevens, J., Bayón, M. C. og Sierra, M. (2000). Risk factors and context of men who physically abuse in Bogotá, Columbia. *Child Abuse & Neglect*, 24(3), 323–332. doi:10.1016/S0145-2134(99)00148-9
- Knutson, J. F. (1995). Psychological characteristics of maltreated children: Putative risk factors and consequences. *Annual Review of Psychology*, 46(1), 401–431. doi:10.1146/annurev.ps.46.020195.002153
- Kolko, D. J. (2002). Child physical abuse. Í J. E. B. Myers, L. Berliner, J. Briere, C. T. Hendrix, C. Jenny og T. A. Reid (ritstjórar), *The APSAC handbook on child maltreatment* (2. útgáfa, bls. 21–54). London: Sage.
- Markward, M. J. (1997). The impact of domestic violence on children. *Families in Society*, 78(1), 66–70. doi:10.1606/1044-3894.738
- Michelson, D., Davenport, C., Dretzke, J., Barlow, J. og Day, C. (2013). Do evidence-based interventions work when tested in the “real world”? A systematic review and meta-analysis of parent management training for the treatment of child disruptive behavior. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 16(1), 18–34. doi:10.1007/s10567-013-0128-0
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child maltreatment: An introduction* (2. útgáfa). London: Sage.
- Newson, J. og Newson, E. (1963). *Patterns of infant care in an urban community*. Baltimore: Penguin.
- Nobes, G. og Smith, M. (2000). The relative extent of physical punishment and abuse by mothers and fathers. *Trauma, Violence and Abuse*, 1(1), 47–66. doi:10.1177/152483800001001004
- Ogden, T., Forgatch, M. S., Askeland, E., Patterson, G. R. og Bullock, B. M. (2005). Implementation of parent management training at the national level: The case of Norway. *Journal of Social Work Practice*, 19(3), 317–329. doi:10.1080/02650530500291618
- Patterson, G. R., DeBaryshe, B. D. og Ramsey, E. (1989). A developmental perspective on antisocial behavior. *American Psychologist*, 44(2), 329–335.

- Rodriguez, C. M. (2010). Parent-child aggression: Association with child abuse potential and parenting styles. *Violence and Victims, 25*(6), 728–741. doi:10.1891./0886-6708.25.6728
- Rothbart, M. K. og Ahadi, S. A. (1994). Temperament and the development of personality. *Journal of Abnormal Psychology, 103*(1), 55–66. doi:10.1037/0021-843X.103.1.55
- Sears, R. R., Maccoby, E. E. og Levin, H. (1957). *Patterns of child rearing*. Stanford: Stanford University Press.
- Sedlak, A. J., Mettenberg, J., Bascna, M., Petta, I., McPherson, K., Greene, A. og Li, S. (2010). *Fourth national incidence study of child abuse and neglect (NIS-4): Report to Congress, executive summary*. Washington: U.S. Department of Health & Human Services, Administration for Children and Families.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1994). *Barnafjölskyldur: Samfélag, lífsgildi, mótun: Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi*. Reykjavík: Landsnefnd um Ár fjölskyldunnar og Félagsmálaráðuneytið.
- Sigurgrímur Skúlason. (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir, 2*(1), 69–81.
- Straus, M. A. (1983). Ordinary violence, child abuse, and wife-beating. What do they have in common? Í D. Finkelhor, R. J. Gelles, G. T. Hotaling og M. A. Straus (ritstjórar), *The dark side of families: Current family violence research* (bls. 213–324). Thousand Oaks: Sage.
- Straus, M. A. (1991). Discipline and deviance: Physical punishment of children and violence and other crime in adulthood. *Social Problems, 38*(2), 133–154. doi:10.1525/sp.1991.38.2.03a00010
- Straus, M. A. (2000). Corporal punishment and primary prevention of physical abuse. *Child Abuse & Neglect, 24*(9), 1109–1114. doi:10.1016/S0145-2134(00)00180-0
- Straus, M. A. (2010). Prevalence, societal causes, and trends in corporal punishment by parents in world perspective. *Law and Contemporary Problems, 73*(2), 1–31.
- Straus, M. A. og Field, C. J. (2003). Psychological aggression by American parents: National data on prevalence, chronicity, and severity. *Journal of Marriage and Family, 65*(4), 795–808. doi:10.1111/j.1741-3737.2003.00795.x
- Straus, M. A., Hamby, S. L., Finkelhor, D., Moore, D. og Runyan, D. (1997, 24.–28. mars). *Identification of child maltreatment with the parent-child conflict tactic scales: Development & psychometric data for a national sample of American parents*. Fyrirlestur á árlegri ráðstefnu American Educational Research Association, Chicago. Sótt af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED411251.pdf>
- Straus, M. A., Hamby, S. L. og Warren, W. L. (2003). *The conflict tactic scales handbook*. Los Angeles: Western Psychological Services.
- Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn: Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: UNICEF.

Greinin barst tímaritinu 16. júní 2015 og var samþykkt til birtingar 9. febrúar 2016

## UM HÖFUNDINN

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (fjf@hi.is) er dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hún lauk BA-gráðu árið 1992 og starfsréttindanámi í félagsráðgjöf árið 1994 frá Háskóla Íslands og hefur meistara- og doktorsgráðu frá University of Iowa sem hún lauk árin 1998 og 2004. Þá lauk hún diplómanámi í kennslufræði við Háskóla Íslands árið 2013. Helstu rannsóknarsvið hennar eru misbrestur í aðbúnaði barna, ofbeldi í parsamböndum og áhættuhegðun barna.

## Discipline methods of Icelandic parents

### ABSTRACT

This study explored the discipline methods of parents of 6–17 year old children in Iceland. No prior Icelandic study had asked parents themselves to evaluate their own discipline methods. Physical discipline has not been viewed as a positive upbringing method in Iceland (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir & Sigurður J. Grétarsson 1994). However, nearly half of young people say that they have been physically disciplined (Geir Gunnlaugsson & Jónína Einarsdóttir, 2013). The Conflict Tactic Scale – Parent Child (CTS-PC) questionnaire (Straus, Hamby & Warren, 2003) was used with an Icelandic sample and parents were asked about discipline methods applied during the last 12 months. The questionnaire, which was translated and pretested in Iceland, comprises 22 items which assess specific discipline methods. These methods consist of a) constructive child rearing methods, b) psychological aggression and c) three stages of physical aggression, mild, severe and very severe. A total of 617 parents responded to the questionnaire, 326 fathers (53%) and 291 mothers (47%). The ratio was similar to fathers and mothers in that age range among the general population (Hagstofa Íslands, e.d.-a). The parents were 26–76 years of age (only six parents were older than 60). The mean age of fathers was 47 years and the mean age of mothers was 44 years. Some of the parents might have been grandparents of the children, but in all cases the children were living in the households of responding parents. One fifth of participants (19%) had only completed elementary school, one fifth (19%) had completed an apprenticeship, 14% had matriculated from upper secondary NBX school, and 48% had a university degree. The ratio of parents who had completed a university degree was about three times higher than in the general population. Fewer parents had completed other kinds of degrees; here, the rate was much more similar to that of the general population. The results showed that the discipline methods primarily used by parents in Iceland are constructive. For example, 97.6% of parents explained why something the children had done was wrong. However, nearly 66% reported having used psychological aggression of some kind and 19.4% reported having applied physical force when disciplining their child during the last 12 months. There was not a significant relation between gender and discipline methods. Thus, there was no difference between mothers and fathers in terms of applying psychological aggression or physical aggression when disciplining their children. No

significant difference was found among parental use of discipline methods in terms of their educational level either; nor was there a significant difference between age of parents in terms of discipline. However, a significant correlation was noted between age of parents and the frequency of psychological and physical aggression. Younger parents used this type of discipline significantly more often than older parents. Thus, those young parents who used psychological and physical discipline did so significantly more often than older parents. These results indicate that it is important to study further the relation between age of parents and their discipline methods. Also, the relation between education of parents and discipline methods should be studied in more detail, as well as other background variables, such as marital status, job status and financial status. Special attention should be given to young parents and parents who only have finished elementary school. A limitation of this study is the response rate, which was only 24%. Thus, the results cannot be generalized to the population as a whole. However, the results suggest that physical punishment may be more widely applied in the general population than published figures indicate.

Keywords: parental discipline methods, constructive discipline, emotional abuse, physical punishment, physical abuse

## ABOUT THE AUTHOR

Freydis Jona Freysteinsdottir (fjf@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland. She completed a BA degree at the University of Iceland as well as a certificate program in social work. In addition, she completed an MSW degree and a PhD degree at the University of Iowa. She has also completed a postgraduate diploma in teaching in compulsory and upper secondary schools. Her main research areas are child maltreatment, domestic violence and risk behavior.